



Dalapósturinn

6. tölublað, 6. árgangur
23. ágúst 2013

Timbur- og járngámar

Gámar fyrir járn og timbur verða staðsettir á eftirtöldum stöðum eftirfarandi daga.

Vikuna 20. – 26. ágúst verða gámar í Saurbæ, Hvammssveit og á Skarðsströnd.

Vikuna 27. ágúst – 2. september verða gámar á Fellsströnd og í Laxárdal.

Vikuna 3. - 9. september verða gámar í Haukadal, Miðdölum og Hörðudal.

Vikuna 10. – 16. september verða gámar á Skógarströnd.

Þeir sem eru með mikið magn af járn og timbri er bent á að hafa samband við Viðar Þór Ólafssoní síma 894 0013.

Gömul leiktæki til sölu

Dalabyggð auglýsir til sölu gömul leiktæki sem tekin hafa verið niður af leikvöllum sveitarfélagsins. Leiktækin eru í mismunandi ásigkomulagi. Myndir af þeim má sjá á vef Dalabyggðar. Óskað er eftir tilboðum í tækin. Þjóða má í hvert og eitt.

Tilboð berist skrifstofu Dalabyggðar í lokuðu umslagi í síðasta lagi 6. september nk. merkt „Tilboð í leiktæki.“

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafn Dalasýslu verður opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18 frá og með 3. september.

Safninu berast öðru hverju bókagjafir og hefur markavörður, Arndís Erla í Ásgarði, af miklum höfðingsskap gefið safninu Landsmarkaskrá 2013. Það er ómetanlegt þegar safninu er sýnd ræktarsemi og erum við þakklát fyrir það.

Sælingsdalslaug

Opnunartímar í september og október

Þriðjudaga kl. 17-20

Miðvikudaga kl. 17-20

Fimmtudaga kl. 15:30-18:30

Opið er fyrir eldri borgara kl. 15:30-17 á þriðjudögum.

Hópar og fjölskyldur geta haft samband og athugað með að koma í sund fyrir utan opnunartíma ef starfsfólk er á svæðinu.

Opið verður einhverja laugardaga í vetur í tengslum við íþróttaskóla, verður það nánar auglýst síðar.

Umsjónarmaður Sælingsdalslaugar frá 1. september er Gunnar Már Leifsson í síma 434 1465 eða 777 0295 og netfagnið gunnarmar@umfi.is.

Breytingar og viðbótaropnanir verða auglýstar á www.dalir.is og á www.ungmennabudir.is.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur